GJALDSKRÁ

Hitaveitu Selfoss.

I. HEITT VATN

Hitaveita Selfoss selur afnot af heitu vatni úr veitukerfi sínu á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Um vatnsmæli, kr. 174 fyrir hvern rúmmetra vatns.
2. Um hemil, kr. 47 850 á ári fyrir hvern mínútulítra á hámarksstillingu hemils.

Minnsta magn vatns sé: fyrir íbúðar-, verslunar- og skrifstofuhúsnæði, 0.8 l/mín. fyrir hverja 100 m^3 en fyrir iðnaðarhúsnæði 0.5 l/mín. fyrir hverja 100 m^2.

Ef vatnsmælir bilar er hitaveitunni heimilt að áætla vatnsnotkun með hliðsjón af fyrri notkun og/eða hitaþörf húsnæðis.

II. MÆLALEIGA

Hitaveitan leigir vatnsmæla og skal leiga fyrir þá innheimt jafnhliða gjaldi fyrir vatnsnotkun. Hitaveitan ákveður stærð mæla og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða leigu af mælum, sem hér segir:

1. Fyrir mæla allt að ¾" ..... kr. 1 848 á mán.
2. Fyrir mæla frá 1—2" ..... — 2 565 á mán.
3. Fyrir hemla allt að ¾" ..... — 1 848 á mán.
4. Fyrir hemla frá 1—2" ..... — 2 565 á mán.

III. HEIMÆÐAGJALD

Heimæðagjald, miðað við heildarrúmmál húsa, er sem hér segir:

Allt að 400 m^3, kr. 368 670.

400 til 2 000 m^3, kr. 368 670 af 400 m^3 + kr. 307 á m^3 þar yfir að 2 000 m^3.

2 000 m^3, kr. 859 870 + kr. 252 á m^3 þar yfir.

Séu fleiri en eitt hitunarkerfi tengd við heimæðina með mælum frá hitaveitunni, skal greiða kr. 63 435 aukagjald fyrir hvern mæli umfram hinn fyrsta.

IV. OPNUNARGJALD

Hafi gjald samkvæmt þessari gjaldskrá eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 3 700.

V. ÝMIS ÁKVÆÐI

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum, sé um óskipulagt svæði að ræða, skal greiða heimæðagjald samkvæmt kostnaðarreikningi.

Heimæðagjald skal greitt við umsókn um heimæð.

Gjaldskrá þessi sem samþykkt hefur verið af bæjarstjórn Selfoss er hér með staðfest samkvæmt orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að öðlast gildi 1. febrúar 1980 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli.

Iðnaðarráðuneytið, 28. janúar 1980.

F. h. r.

Páll Flygenring.

Kristmundur Halldórsson.